

Stjórnarfundur í Geðhjálp 01.11.18

Mættir: Hrannar, Anna, Áslaug, Bergþór, Einar, Einar Þór, Garðar Sölvi, Védís, Sylviane og Halldóra Pálsdóttir.

1. Yfirferð fundargerðar (ÁK).

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

2. ACE fræðsluáttak (HJ, AGÓ).

AGÓ sagði frá því að ACE-bæklingur og plagat hefðu verið kynnt á fræðsludögum heilsugæslunnar sama dag. Í kjölfarið yrði fræðsluefnið sent til sjúkrastofnana og heilsugæslustöðva um landið allt. ACE- spurningarlistanum hefur verið komið fyrir á heimasíðu Geðhjálpar og í verkfærakistu heilsugæslulækna á netinu.

3. Þjálfun fyrir jafningja (HJ)

HJ stakk upp á því að fenginn yrði erlendur sérfræðingur til að halda viku námskeið um jafningjastuðning. Hann ætlar að senda frekari upplýsingum til stjórnarinnar.

4. Bjarg (AGÓ)

Stjórnarmenn samþykktu fyrirbyggjandi drög að yfirlýsingu Geðhjálpar og Öryrkjabandalagsins til Seltjarnarnesbæjar í framhaldi af yfirlýsingu meirihluta bæjarstjórnar sveitarfélagsins um að heppilegast væri að ríkið semdi við Hjálpræðisherinn eða annan sambærilegan aðila um rekstur Bjargs.

5. Erindi frá Hólaháskóla (AGÓ).

Samþykkt var að taka þátt í samstarfi um ráðstefnuna *Kvíðalaust samfélag* á Hólum í vor. SRH verður fulltrúi Geðhjálpar í samstarfinu.

6. Hálfársuppgjör (AGÓ).

Fram kom að fjárhagsstaða Geðhjálpar væri góð og hagnaður á fyrrihluta ársins hefði verið ferfalt hærri en á sama tímabili í fyrra.

7. Bataskóli Íslands (HJ, AGÓ).

AGÓ velti því upp hvort Geðhjálp ætti að kaupa húsnæði fyrir Bataskólann. Sylviane stakk upp á því að fenginn yrði ráðgjafi til að meta svigrúm samtakanna til að kaupa húsnæði fyrir skólann.

8. Tilnefning í samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks skv. 36. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir (HJ).

Samþykkt var að tilefna Védísi Drafnardóttur og Kára Auðar Svansson í nefndina.

9. Menningarhátíð í maí (HJ).

Samþykkt var að stefna að því að halda menningarhátíð í tengslum við 40 ára afmæli Geðhjálpur í miðbæ Reykjavíkur helgina 14. til 15. september. Stefnt er að því að halda hugmyndafund með fulltrúum listamanna og notenda fyrir jól. Miðað er við að ráða starfsmann sérstaklega í hlutastarf til að halda utan um viðburðahaldið.

10. Önnur mál, t.d. bókaupplestur í desember, atburður í nóvember, styrkumsókn til velferðarráðuneytis og ráðstefna heilbrigðishóps ÖBÍ.

- ÁK tók að sér að leysa ÓB af í barnahópi ÖBÍ fram á vor.
- ÁK sagði frá norrænni ráðstefnu um listmeðferðarfræði í október
- HJ sagði frá því fyrirlestri Kötlu Ísaksdóttur í Geðhjálp 13.nóvember.
- AGÓ sagði frá því að heilbrigðishópur ÖBÍ hyggðist halda ráðstefnu um framkvæmd geðheilbrigðisstefnunnar þann 20. nóvember.
- Stjórnin var sammála um að hún byggji ekki að nægilegri þekkingu til að geta skrifað undir yfirlýsingu Olnbogabarna vegna úrræðis fyrir unglunga með fjölþættan vanda.

Fundi slitið kl. 19.00.